

105 eru útkomnir með ópinberum styrk, og að árgangurinn 1877 verði kominn út fyrir lok 20. júní. júlímánaðar þ. á. en árgangurinn 1878 fyrir lok júnímánaðar 1879.

106 — *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um eiðspjall útlendinga.* — Hjer með eru yður, herra amtm., send 13 expl. af þýzkri, frakkneskri og enskri þýðingu á áminningaræðu þeirri á undan eiðspjalli, er lögboðin er með tilskipun 25. júní 1842, og sem nota ber við alla rjetti hjer á landi, er eið skal vinna, samkvæmt tilskipun 22. septbr. 1846; og eruð þjer þjónustusamlega beðnir að láta útbýta þessum þýðingum meðal sýslumanna og bæjarfógeta í yðar umdæmi til afnota, þá er svo ber undir, að útlendir menn, er eigi skilja íslenzku eða dönsku, eiga að vinna eið fyrir þeim.

107 — *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um burðargjald fyrir* póstsendingar viðvíkjandi fátækramálefnum. — Í þóknanlegu brjefi 12. þ. m. hafið þjer, herra bæjarfógeti, spurzt fyrir um, hvort hafa megi þjónustupóstmerki á brjef og peningasendingar, er snerta fátækramálefni kaupstaðarins.

Út af þessu læt jeg eigi undan falla að tjá yður hjer með þjónustusamlega, að samkvæmt 12. grein í tilskipun um póstmál á Íslandi 26. febrúar 1872 má eigi hafa þjónustumerki á aðrar póstsendingar en þær, er endurgjald er greitt úr landssjóði fyrir, að burðargjaldsfrelsi þeirra var þá úr lögum numið, og eru settar um það nánari reglur í auglýsingu 3. maí 1872, 15. og 16. gr. En nú voru eptir konungsbrjefi 8. júlí 1779, 7. gr., sbr. rentukammerbrjef 17. júní 1786 og tilsk. 8. marz 1843 79. gr., er hafa inni að halda hinar almennu reglur, er áður giltu í því efni, brjef frá sveitarstjórninni eða peningasendingar snertandi fátækramálefni eigi undan þegnar burðargjaldi, og fyrir því ber eigi heldur Reykjavíkur kaupstað neitt endurgjald fyrir burðareyri þann, er greiða þarf í áminnztum málum.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 3. júlí þóknadist hans hátign konunginum allramildilegast að skipa hjeradslæknirinn í 9 læknishjeraði Boga Pjetursson til þess að vera hjeradslækni í 18. læknishjeraði.

13. s. m. skipaði landshöfðingi kandídat Skapta Jónsson til þess að vera prest í Hvanneyrarprestakalli í Eyjafjarðar prófastsdæmi.

ÓVEITT EMBÆTTI

er ráðgjafinn fyrir Ísland hlutast til um veitingu á.

Embættið sem hjeradslæknir í 9. læknishjeraði; árslaun 1500 kr.

Sœki aðrir en Íslendingar um þetta embætti, verða þeir hinir sömu að láta bónarbrjefum sínum fylgja tilheyrilegt vottorð um kunnáttu í íslenzkri tungu samkvæmt konungsúrskurðum 8. apríl 1844, 27. maí 1857 og 8. febr. 1863.

Embættið var auglýst 6. júlí 1878 og eiga bónarbrjef um það að vera komin til ráðgjafans 17. septbr. 1878.

Stjórnartíðindin, báðar deildir, A og B má pantu á ritstofu landshöfðingja og öllum póststöðvum á landinn. Borgun fyrir þau öll er 1 kr. 66 a. um árið og verður að greiða hana fyrirfram um leið og þau eru pöntuð. Um undanfarandi ár eru stjórnartíðindin eigi til öðruvísi en hept og kosta 1 kr. 90 a. árgangurinn nema sá um árið 1874; hann kostar ekki nema 95 aura.

Stjórnartíðindin eru send þeim, sem óskja þeirra með póstum. Sje eitthvað áfátt við sendinguna, ber annaðhvort viðtakanda sjálfum eða hlutaðeigandi póstmanni samkv. 23. gr. auglýsingar 3. maí 1872, með næsta pósti eptir, að sendingin kom, að skýra ritstofu landshöfðingja frá því, sem vantar. Embættismönnum og hreppsnefndaroddivitum, er skylt að halda þeim stjórnartíðindum, er þeim eru send kauplaust, saman í góðri reglu, og munu þeir að öðrum kosti verða skyldaðir til að útvega tíðindin eptir á af nýju á sinn kostnað.